



ÁRSSKÝRSLA 2024

Starfstímabil 1. júní 2023 - 31. maí 2024
Lögð fram á aðalfundi félagsins 11. september 2024



YFIRLIT

STJÓRN 2023-2024	2
ALMENNT.....	3
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA.....	5
SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK	5
BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN	6
AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD.....	7
MÁTTARSTÓLPAR OG SJÁLFBODALIÐAR.....	7
VORSÝNING GERPLU	7
UPPSKERUHÁTÍÐ GERPLU.....	8
UPPSKERUHÁTÍÐ ÍTK	12
SKÝRSLUR DEILDASTJÓRA	13
ÁHALDADEILD KVENNA	13
ÁHALDADEILD KARLA	15
HÓPFIMLEIKAR KVENNA	16
HÓPFIMLEIKADEILD KARLA	19
FIMLEIKADEILD KARLA OG KVENNA.....	20
ALMENN DEILD	21
MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR.....	23
ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS	24
HÓPFIMLEIKAR INNANLANDS.....	44
ÁHALDAFIMLEIKAR ERLendis.....	49
HÓPFIMLEIKAR ERLendis.....	53
STARFSMENN GERPLU 2023-2024	55



Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Formaður



**Marta Kristín
Sigurjónsdóttir**
Varaformaður



**Davíð Stefán
Guðmundsson**
Meðstjórnandi



Jóna Björg Jónsdóttir
Meðstjórnandi



**Hreggviður
Símonarson**
Meðstjórnandi



**Stefán Guðni
Stefánsson**
Meðstjórnandi



Sif Pálsdóttir
Ritari



Olga Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri



**Hildur
Gottskálksdóttir**
Fjármálastjóri

Á tímabilinu voru 9 bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri sat alla fundi stjórnar og fjármálastjóri félagsins þegar til hans var kallað.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, varaformaður, Jóna Björg Jónsdóttir, Davíð Stefán Guðmundsson, Sif Pálsdóttir, ritari, Stefán Guðni Stefánsson og Hreggviður Símonarson meðstjórnendur.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 120 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Fjármálastjóri er Hildur Gottskálksdóttir.

ALMENNT

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.500 talsins. Þar af voru rúmlega 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en meirihluti iðkenda sækir æfingar allt árið um kring.




Starfsárið hófst með sumaræfingum eftir vel heppnaða afmælisvorsýningu og fjölda sumarnámskeiða. Sumarnámskeiðin 2023 voru virkilega vel sótt en ákveðin tímabil eru alltaf vinsælust og komust þá færri að en vildu á einhver námskeið. Það var nokkur fjölgun frá sumrinu 2022 en það var tæplega 10% fjölgun. Sumarið á undan var 35% fjölgun svo eitthvað erum við að gera rétt. Það voru 850 börn sem sóttu ýmist fimleika- og íþróttafjör og

eða parkournámskeið. Ágúst mánuður fór í undirbúning fyrir haustönn með mannráðningum og skipulagsvinnu hópa, stundatöflugerðar ásamt öllum hinum verkefnum sem dynja á okkar frábæra starfsfólki. Starfsdagur Gerplu var 21.ágúst þar sem tekið var til í fimleikasölunum og áhöldin sett á sinn stað fyrir tímabilið. Inga Valdís Tómasdóttir sálfræðingur hjá Vinnuvernd kom og hélt fyrirlestur fyrir starfsfólkið um krefjandi samskipti við foreldra og iðkendur. 22.ágúst var svo haldið á Selfoss þar sem spilað var golf og grillað. Mótahald haustannar gekk vel og var Gerplufólk iðið við að liðsinna Fimleikasambandi Íslands í tengslum við Norðurlandamót fullorðina í hóp fimleikum sem haldið var í Laugardalshöll. Starfsmenn Gerplu fóru á jólahlaðborð á Satt í Öskjuhlíðinni en það tókst virkilega vel til. Nýtt ár hófst af krafti með uppskeruhátíðum hér og þar, þar sem Gerplufólk var fyrirferðarmikið. Er vert að nefna að Thelma Aðalsteinsdóttir komst á topp 10 lista yfir íþróttamann ársins hjá íþróttufréttamönnum. Það hefur ekki gerst hjá Gerpluiðkanda lengi en síðast var það árið 2018 þegar Valgarð Reinhardsson komst á listann. Starfsdagur á vorönn var haldinn 4.janúar 2024. Sá dagur var með eitt verkefni en það var að laga áhaldagólfið í Versölum og setja nýja planka undir gólfið. Gólfið hefur verið til mikilla vandræða síðustu árin og endurnýjun planka og plasta daglegt brauð. Gólfið er komið á tíma og er von okkar að nýtt gólfi komi í Versali áður en langt um líður. Mótahald og mótaþátttaka vorannar hófst svo af krafti í lok janúar og var alveg fram á sumar. Gerpla tók þátt í að halda Kópavogsblótið í fjórða sinn og tókst vel til. Mikil vinna fylgir að halda svona stórt þorrablót og ágóðinn kannski ekki eins og margir halda. Iceland Classic er

vinamót sem búið er að festa sig í sessi hjá okkur í Gerplu. Mótið var haldið dagana 1.-3.mars í góðu samstarfi við okkar aðal styrktaraðila GK Ísland. Mótið var mjög vel sótt og náðist að manna ákveðna hluta með löglegu dómaraþingi svo keppendur gátu náð þrepi. Í fyrsta sinn héldum við Iceland Classic International og komu gestir frá Færeyjum og kepptu við íslenska keppendur og voru fleiri þjóðir sem sýndu áhuga og koma þá vonandi á næsta ári. Vorsýning Gerplu var á sínum stað við mikinn fögnuð viðstaddra og er aldrei of oft sagt hvað þessi sýning er stórkostleg ár hvert þar sem iðkendur og starfsfólk Gerplu sameinast í einu risa verkefni sem er sannkölluð fjölskylduskemmtun. Iðkendur Gerplu voru áberandi í landsliðsverkefnum í áhaldafimleikum bæði í karla og kvennaflokki og átti Gerpla einnig kvennalið á Norðurlandamóti fullorðinna og tvö unglingslið á Norðurlandamóti unglinga.

Í ár eru sex ár síðan Gerpla hóf æfingar í tveimur húsum. Þá voru hóp fimleikarnir færðir yfir í Vatnsenda og yngri iðkendur stunda fimleika í sínu nærumhverfi þar til þau velja sína fimleikagrein. Versalir eru enn mun vinsælli kostur meðal iðkenda í grunn- og framhaldshópum en helsta skýringin er líklega sú að styttra er að fara og svo eru Versalir andlit félagsins.



Vatnsendi er mjög gott kennsluhús og nýtist vel en félagið þarf að finna varanlega lausn vegna dansæfinga í hóp fimleikum. Það er mikið áreiti í Versölum þegar dansæfingar í hóp fimleikum bætast við flórana þar og voru sumir dagar þannig að þjálfurum kveið fyrir að mæta til starfa vegna fjölmennis í salnum og mikils áreitis og hávaða. Það er mikil ásókn í félagið sem er lúxus en það þarf að hefjast handa við að undirbúa bættu aðstöðu til handa iðkendum og ekki síst fyrir starfsmenn og foreldra. Það myndi bæta aðstöðuna mikið við að fá auka 500-1000 fermetra sem væru þá danssalur, sjúkraherbergi, lyftingaraðstaða, starfsmannaaðstaða og aðstaða fyrir foreldra.

SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Samstarf Gerplu við leikskólann Fífusali hélt áfram. Kosturinn við þetta samstarf er að börnin ná að klára sína dagskrá á leikskólatíma, íþróttasalurinn er nýttur en annars væri hann tómur á þessum tíma dags og starfsmenn í fullu starfi ná að byrja fyrr á daginn og ljúka vinnudegi fyrr. Helsti gallinn við þetta fyrirkomulag er að foreldrar þessara iðkenda eiga í litlum samskiptum við félagið og koma nær aldrei inn í íþróttahúsið nema kannski einu sinni á önn þegar Garpamótið fer fram.

Gerpla er líka í samstarfi við Salaskóla en félagið stóð fyrir íþróttatímum fyrir frístund Salaskóla þar sem börn úr frístund komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaust á þeim tíma sem þau voru í frístund tvisvar sinnum í viku.

SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK

Stóru íþróttafélögin í Kópavogi Breiðablik, Gerpla og HK hafa átt ötult og gott samstarf á liðnu tímabili. Frístundavagninn var á sínum stað en þetta var fimmta árið þar sem félögin starfræktu frístundabíl í samstarfi við Kópavogsbæ. Það var fyrirtækið Trex sem sá um aksturinn og Elva Björg okkar Gunnarsdóttir var starfsmaður í rauða bílnum. Áhersla er lögð á að frístundavagninn þjóni fyrst og fremst nemendum 1.- 4.bekkjara en öllum er heimilt að nota bílinn svo lengi sem það er laust pláss. Með tilkomu frístundabíla ná íþróttafélögin að nýta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar betur með því að hefja æfingar strax að loknum skóla. Frístundavagninn er forsenda fyrir að börnin geti klárað skóladaginn sinn fyrir klukkan 17:00 á daginn og að íþróttamannvirkin séu sem best nýtt. Hinsvegar hefur kostnaður vegna þessa verkefnis aukist gríðarlega eða um rúmlega 100%. Helsta ástæðan fyrir því er aukinn ferðamannastraumur til landsins og ásókn í hópferðabifreiðar. Það hefur orðið mikil verðhækkun á síðustu tveimur árum. Í vetur þurfti að bregðast við þessari hækkun bæði með skertri þjónustu og á vorönn var farið að rukka hóflegt gjald fyrir þjónustuna sem hafði verið án endurgjalds í fjölda ára. Þjónustuskerðingin var á þann veg að ekki var keyrt á föstudögum.

Iðkendur Gerplu nýta bílinn mjög vel en hafa margir iðkendur þurft að ferðast í langan tíma á æfingar þar sem íþróttamannvirkin sem Gerpla nýtir til æfinga er í öðrum enda bæjarins. Það er stefnan að gera bragarbót á leiðarkerfi fyrir haustið 2024 með það að markmiði að börnin geti komist á æfingar án þess að sitja í 40 mínútur eða lengur í bílnum.



Afreksbraut MK hefur verið starfrækt síðan haustið 2019. Afreksbrautin er starfsrækt í samstarfi við Gerplu, Breiðablik og HK. Afreksbrautin fór af stað haustið 2019 og hefur verkefnið vaxið og dafnað síðan. Það voru 3 nemendur í fimleikum vorið 2024 og stefnir í fjölgun með haustinu sem er jákvætt. Kristinn Þór Guðlaugsson hefur tekið verkefnið að sér þar sem iðkendur koma úr hóp fimleikum.

Þorablót íþróttafélaganna var á dagskrá á bóndadaginn og var haldið í Fífunni. Það varð uppselt á svipstundu og var haldið stærsta þorablót í sögu íþróttafélaganna. Sú breyting var á miðasölnunni að þorablótsgestir gátu valið sér borð í salnum og sparaðist þá vinna hjá skipuleggjendum við að raða gestum á borð. Að vanda tókst mjög vel til og var mjög mikil ánægja með skipulag, mat og drykk. Við þökkum gott samstarf við CCEP og Múlakaffi og sjálfbóðaliðum og öllum sem komu að blótinu með okkur þökkum við kærlega fyrir frábæra vinnu. Næsta blót er á dagskrá á bóndadaginn 2025.

BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN

Biðlisti Gerplu er breyttur frá árum áður þegar félagið æfði í einu húsi. Nú komum við flestum að sem vilja að æfa en stærsta hindrunin eru þjálfaraskortur á vinsælustu tímasetningunum og þá verða hóparnir oft fullir. Við höfum reynt að bæta við mannskap en það reynist oft erfitt þar sem vinsælustu tímarnir eru frá 15:00-17:00 á daginn og þjálfarar sem oft eru námsmenn í framhalds- og eða háskóla eru oft ekki búin í skólanum á þessum tíma. Eins finnur félagið fyrir því að erfiðara er að fá menntaskólaaldurinn til starfa vegna tímaskorts sem rekja má að einhverju leiti til styttingar framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú. Köldu svæðin í Gerplu eru enn í austurbænum og má ætla að það sé vegna þess að fimleikaaðstaðan er ekki í þeirra nærumhverfi. Iðkendur sem búa þar þurfa að geta treyst á frístundabílinn, strætó eða foreldraskutl. Lengstu biðlistar liðins tímabils voru í Krílafimleika og bangsafimleika á sunnudögum þrátt fyrir að við höfum fjölgað hópum í böngsum úr þremur í fimm. Vinsældir þessara hópa eru mjög miklar. Við vonumst til að koma sem flestum að á komandi tímabili. Eins hafa biðlistar í grunn- og framhaldshópa klukkan 15:00 á daginn verið mjög langir bæði í kvenna og karladeild. Í grunn- og framhaldsdeild eru 5 ára, 1. og 2. bekkur.

AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Mikið utanumhald er í kringum viðhald áhalda en mikilvægt er að fylgjast náið með slitum á áhöldum sökum álags og notkunar. Kópavogsbær kemur að endurnýjun áhalda en notkun á áhöldunum í Gerplu eru með því mesta sem finnst í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Áhaldagólfíð hefur verið mikið að slitna á síðustu árum og hefur stór hluti fjármagnsins farið í að viðhalda því. Eins hefur karlatvísláin verið í miklu viðhaldi. Nú liggur fyrir að endurnýja gryfjuna í Versölum og áklæði utan um fjöldann allan af dýnum sem eru rifin og trosnuð. Við fögnum því þar sem öryggi iðkenda á ávallt að vera í fyrsta sæti. Mjög mikilvægt er að fylgjast vel með áhöldunum til að öryggi iðkenda sé tryggt.

MÁTTARSTÓLPAR OG SJÁLFBODALIÐAR

Máttarstólpar er hagsmunafélag meistaraflokka í félaginu sem hélt utan um sjoppuna á mótum í umsjón Gerplu eins og undanfarin ár. Það gekk það vel en vinnan er á fáum höndum. Fjáröflunarnefnd var ekki starfandi meirihluta ársins en á vormánuðum tóku þær Stefanía Reynisdóttir og Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir við keflinu og hafa nokkrar fjáraflanir verið síðan þá.


Þetta óeigingjarna starf ber að þakka og er aldrei nóg af sjálfbodaliðum að störfum sem gerir það að verkum að vinnan er á fáum höndum. Við vonum að fleiri bætist í hópinn í vetur.

VORSÝNING GERPLU

Vorsýningin er hápunktur vetrarins og því mikill spenningur í iðkendum og þjálfurum félagsins. Dagana 31. maí og 1. júní fóru Vorsýningar Gerplu fram, alls voru fimm sýningar. Allir iðkendur Gerplu tóku þátt og var gaman að sjá fjölbreytileikann í atriðunum. Sýningastjórar voru þær Linda Björk Arnarsdóttir, Dagný Lind Hreggviðsdóttir og Sara Khosravi og tókst þeim afar vel að setja allt saman. Konungur Ljónanna var þemað og var fimleikasalnum breytt í glæsilegt leikhús. Uppselt var á öllum sýningum og voru mörg brosandir andlit sem fóru inn í sumarfrí frá æfingum.

Uppskeruhátið Gerplu var haldin hátíðleg laugardaginn 13. janúar í veislusal félagsins. Mikill og góður árangur náðist á árinu sem leið og voru iðkendur, þjálfarar og sjálfboðaliðar heiðraðir.

Afreksbikar í áhaldafimleikum karla var Valgarð Reinhardsson enda eitt besta ár Valgarðs að baki. Hann landaði þrem Íslandsmeistaratitlum, vann til silfurverðlauna á tvíslá á Norður-Evrópumóti. Hann átti mjög gott Evrópumót og vann sér inn þátttökurétt á Heimsmeistaramótinu í Antwerpen svo eitthvað sé nefnt. Hvatningabikarinn kom í hlut Dags Kára Ólafssonar Hann lenti svo í 3. sæti á tvíslá á Norður Evrópumótinu í Svíþjóð. Dagur Kári hefur verið óheppin með meiðsli á síðasta ári en við erum spennt að fylgjast með hvað hann gerir á nýju fimleikaári. Hann er enn ungur og á nóg inni og er okkar yngri iðkendum góð fyrirmynd og hvatning.



Afreksbikar í áhaldafimleikum kvenna hlaut Thelma Aðalsteinsdóttir. Thelma átti sitt besta fimleikaár á sínum ferli og standa Norður-Evrópumeistaratitill á tvíslá og Íslandsmeistaratitill í fjölþraut uppúr. En einnig vann hún sér inn þátttökurétt á HM í Antwerpen eftir að hafa sýnt frábærar æfingar á Evrópumóti. Hvatningabikarinn hlaut Hildur Maja Guðmundsdóttir en hún átti mjög gott ár og sýnir mikinn metnað í sínum æfingum. Hún er á mikilli siglingu og er að bæta við sig erfiðleika á öllum áhöldum. Hún náði einum Íslandsmeistaratitli á árinu, komst í úrslit á gólfi á Norður-Evrópumótinu og var hársbreidd frá verðlaunasæti.

Í hóp fimleikadeild fékk Meistaraflokkur kvenna afreksbikarinn. Meistaraflokkur kvenna vann langþráðan sigur á bikarmóti FSÍ þar sem þær skinu skært og áttu hreint frábært mót. Þær voru einnig stórglæsilegar á Norðurlandamótinu í hóp fimleikum sem haldið var í nóvember þar sem þær höfnuðu í 5. sæti efst íslensku liðanna. Virkilega flottur hópur sem er vel að þessu kominn. 3. flokkur fékk hvatningabikarinn 3. fl átti frábært ár og voru til fyrirmyndar hvert sem þær fóru, þær unnu öll mót sem þær fóru á á árinu en það er þó ekki aðalaárangurinn þeirra því liðsheild og góður andi sem hefur einkennt þennan stóra og flotta hóp, Við hlökkum mikið til að sjá þær halda áfram á leið sinni upp fimleikabrekkuna sem framundan er. Þessi stóri og flotti hópur á sannarlega framtíðina fyrir sér.

Þjálfarar ársins í hópfimleikum er Linda Björk Arnarsdóttir. Hún Linda Björk hefur tekið stóran þátt í uppbyggingu hópfimleika drengja og þjálfun yngri flokka í Gerplu, hún hefur verið að sjá um dansinn hjá drengjaliðunum okkar og eru þeir á því líkri uppleið. Ásamt því þjálfar hún 3.flokk sem er framúrskarandi í sínum flokki. Linda Björk er alltaf tilbúin að stökkva til og hjálpa, hvort sem það er í afleysingum, skipulagi eða öðrum verkefnum. Hún sýnir mikinn metnað, er mjög skipulögð og sér vel um sína hópa.

Þjálfarar ársins í áhaldafimleikum voru þau Andrea Kováts-Fellner og Axel Ólafur Þórhannesson. Andrea Kováts-Fellner hún hefur sýnt það og sannað að hún er ein af okkar allra bestu fimleikabjálfurum á Íslandi. Hún er ljúf en samt ákveðin og nær hún því allra besta fram í sínum nemendum, lætur líðan iðkenda sinna skipta máli og nær virkilega vel til þeirra með sinni frábæru leiðsögn og góðri nærveru enda með mikla reynslu sjálf sem iðkandi og svo þjálfari. Axel Ólafur Þórhannesson er þeim eiginleikum gæddur að eiga auðvelt með að hvetja iðkendur sína áfram og gefa þeim trú á eigin getu. Axel er alltaf jákvæður, er góður í samskiptum og hefur óbilandi trú á sínum iðkendum. Hann býr yfir mikilli þekkingu á fimleikum og þá sérstaklega áhaldafimleikum karla en hann hefur sökkst sér ofan í hvert smáatriði með það að markmiði að verða betri þjálfari.

Þjálfari ársins í grunn- og framhaldsdeild var Nima Mazidi. Hann er duglegur og skipulagður þjálfari og kemur fram við iðkendur sína með hlýju og er góður við þá. Hann er góður í samskiptum við foreldra og er tilbúin að gera allt fyrir sína iðkendur. Hann er jafnframt metnaðarfullur, með góðan aga á sínum hópum og sýnir iðkendum sínum virðingu, áhuga og langar að þau nái árangri í sínum fimleikum. Við hjá Gerplu erum heppin að hafa Nima hjá okkur sem þjálfara.

Þjálfari ársins í almennri deild er Gylfi Guðnason. Gylfi hefur starfað sem yfirþjálfari Bangsahópa til margra ára. Þar stýrir hann fimleikaæfingum barna frá 18 mánaða aldri til 2,5 ára gömlum. Hann stýrir Bangsaæfingum, af ómældri ástríðu og kærleika. Fyrir á árinu fór hann í stutt veikindaleyfi og var hans sárt saknað af iðkendum, forráðamönnum og okkur hér í Gerplu. Okkur til mikillar hamingju snéri hann aftur í haust við mikinn fögnuð foreldra og barna. Við erum gríðarlega stolt af því að hafa hann í Gerpluliðinu.

Garpur Gerplu var Guðbjörg Marta Björgvinsdóttir Hún er okkur starfsmönnum í Gerplu svo mikilvæg, alltaf brosmild og létt í lund. Það er hægt að leita til Mörtu og hún er alltaf til í að aðstoða þegar maður þarf á henni að halda. Hún er einstaklega hlý og umhyggjusöm

gagnvart iðkendum Gerplu og hugsar einstaklega vel um yngstu iðkendum okkur sem koma ein á fimleikaæfingar og þurfa á aðstoð að halda í klefunum og í hinum ýmsu verkefnum. Það má eiginlega segja að hún hugsar um þau eins og þau séu hennar eigin ömmubörn. Hún er hrókur alls fagnaðar og öllum líður vel í kringum hana. Eins ber að nefna að hún er fremst í flokki þegar mikið liggur við og fer oft langt út fyrir sitt starfssvið. Hún hefur meira að segja hlaupið í skarðið fyrir þjálfara og farist það einkar vel úr hendi. Við hjá Gerplu duttum heldur betur í lukkupottinn þegar við fengum hana til starfa.

Sjálfbóðaliði ársins var valinn Hreggviður Símonarson Hreggviður er mjög ósérhlífinn þegar kemur að því að leggja sitt af mörkum og skiptir þá engu hvaða hlutverk eru í boði. Hann er sá sem gengur í öll störfin og innir þau af hendi af festu og dugnaði. Hreggviður hefur verið fyrstur til að mæta og verið síðastur heim þegar mikið liggur við og má þar nefna undirbúning og vinnu á Norðurlandamóti og ekki má gleyma Kópavogsbblótinu þar sem hann er eins og jarðýta. Við erum afar þakklát fyrir að hafa hann Hreggvið í okkar liði.



Gerpla veitti síðan öllum þeim sem fóru í alþjóðleg verkefni á árinu gjöf og mynd, og þökkum við Bpro og Omnom kærlega fyrir glæsilegar viðurkenningar handa okkar iðkendum. Áhaldafimleikar: Agnes Suto, Ágúst Ingi Davíðsson, Arnþór Daði Jónasson, Atli Snær Valgeirsson, Dagur Kári Ólafsson, Daníel Theodór Glastonbury, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Jónas Ingi Þórisson, Kári Pálmason, Kristjana Ósk

Ólafsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Martin Bjarni Guðmundsson, Sigurður Ari Stefánsson, Thelma Aðalsteinsdóttir, Valgarð Reinhardsson. Hópfimleikar: Agnes Suto, Andrea Hansen, Bryndís Guðnadóttir, Dagný Lind Hreggviðsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Edda Sigurðardóttir, Guðrún Anna Ingvarsdóttir, Helga Sonja Matthíasdóttir, Hrafnhildur Tinna Brynjólfsdóttir, Ísabella Ósk Jónsdóttir, Julie Woldseth, Klara Margrét Ívarsdóttir, Linda Björk Arnarsdóttir, Sigríður Embla Jóhannsdóttir, Telma Rut Hilmarsdóttir.

Special Olympics

Þau Davíð Þór Torfason, Elva Björg Gunnarsdóttir og Tómas Örn Rúnarsson kepptu fyrir hönd Íslands, í áhaldafimleikum á Special Olympics sumarið 2023. Landsliðsþjálfarar voru þær Eva Hrund Gunnarsdóttir og Lilja Árnadóttir og öll koma þau frá Gerplu. Þau voru

Gerplu til sóma á leikunum og þar skein af þeim metnaður og ánægja á meðan á leikunum stóð. Á Special Ol unnu þau til margra verðlauna. Davíð Þór vann silfur í fjölþraut, gull fyrir æfingar á svifrá og silfur á gólfi, bogahesti, hringjum og stökki. Elva fékk silfurverðlaun á stökki og á slá og bronsverðlaun á tvíslá. Tómas keppti í erfiðasta þrepinu á mótinu og þar lenti hann í þriðja sæti á bogahesti, stökki og svifrá og var í fjórða sæti í fjölþraut. Við erum gífurlega stolt af þessum iðkendum og þjálfurum fyrir árangurinn á mótinu. Þau eru glæsilegar fyrirmyndir yngri iðkanda í Gerplu sem og á Íslandi.

Agnés Suto – Sérstök viðurkenning fyrir eftirtektarverða frammistöðu á liðnu ári

Agi eins og við öll þekkjum hana ruddi brautina fyrir komandi kynslóðir og sýndi og sannaði að hún er ein mikil ofurkona. Agi gerði sér lítið fyrir og keppti á flestum áhaldamótum sem og hóp fimleikamótum á tímabilinu. Hún náði þeim einstaka árangri að verða bikarmeistari bæði með liðinu sínu í meistaraflokki Gerplu í hóp fimleikum og áhaldafimleikum og er það í fyrsta sinn í sögunni sem sá árangur næst. Hún lét ekki þar við sitja heldur keppti með landsliðinu í áhaldafimleikum á Evrópumótinu vorið 2023 og keppti svo með meistaraflokksliði Gerplu í hóp fimleikum á Norðurlandamóti félagsliða í nóvember síðastliðnum. Agi sýndi bæði frábæra fimleika og góðan árangur og erum við afar stolt af henni. Hún er okkar yngri iðkendum sem og öllum yngri fimleikaiðkendum mikil hvatning og fær hún viðurkenningu fyrir hennar þrekvirki.



UPPSKERUHÁTIÐ ÍTK

Uppskeruhátíð ÍTK var haldin 12.janúar í Salnum í Kópavogi. Íþróttahátíð Kópavogs var haldin hátíðleg í Salnum í Kópavogi. Bæði þau Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson voru tilnefnd til íþróttakarls og -konu Kópavogs. Thelma gerði sér lítið fyrir og var krýnd íþróttakona Kópavogs. Hún var að vinna titilinn íþróttakona Kópavogs í fyrsta skipti enda með frábært fimleikaár að baki og virkilega vel að titlinum komin.

Í flokki 13-16 ára fengu Birgir Hólm Þorsteinsson, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Kári Pálmason og Margrét Júlía Jóhannsdóttir viðurkenningu fyrir góðan árangur 2023. Gerplufólk fékk svo fjölda viðurkenninga fyrir góðan árangur á erlendum mótum.



ÁHALDADEILD KVENNA

Áhaldadeild kvenna var með eftirfarandi keppnishópa veturinn 2023-2024

- 6. þrep kvenna – 4 hópar
- 5. þrep kvenna – 1 hópur
- 4. þrep kvenna – 1 hópur
- 3. þrep kvenna – 1 hópur
- Landsreglur – 1 hópur
- 2.-3. þrep kvenna – 1 hópur
- 1.-2 þrep kvenna – 1 hópur
- Hraðferð - 3 hópar
- Meistarahópur kvenna – 1 hópur



Áhaldadeild kvenna stendur mjög vel þjálfaralega séð, við erum með flesta okkar þjálfara í fullu starfi og þar af leiðandi góður stöðuleiki í þjálfun hópanna okkar. Þjálfarar deildarinnar voru í vetur 14 talsins. Helstu verkefni deildarinnar eru mót á vegum Fimleikasambands Íslands ásamt þeim vinamótum sem félögin á Íslandi bjóða upp á. Iðkendur deildarinnar náðu að keppa á eftirfarandi mótum á vegum Fimleikasambands Íslands á vetrinum: Haustmót, Þrepamót I, II og III, ásamt þrepamóti í 1.-3. þrepi, Bikarmóti í þrepum, Íslandsmóti í þrepum, GK meistaramóti, Bikarmóti í frjálsum æfingum og Íslandsmóti í frjálsum æfingum. Við tókum einnig þátt á eftirfarandi vinamótum, Aðventumóti Ármanns, Iceland Classic, Ofurhetjumóti Gróttu og Mínerfumóti Bjarkanna. Við höfum keppt í íslenska fimleikastiganum og svo eftir nýjum reglum sem kallast Landsreglur. Við erum með einn hóp sem keppir í Landsreglum og hafa þær stúlkur keppt í þrepum fimleikastigans á FSÍ mótum og Landsreglum á vinamótum. Landsreglur eru léttari frjálsar æfingar þar sem unnið er með styrkleika hvers og eins á áhöldunum. Frábær viðbót við áhaldafimleikana á Íslandi. Við áttum einnig fulltrúa í erlendum verkefnum landsliða Íslands á vetrinum sem kepptu á Heimsmeistaramóti, Evrópumóti, Norður Evrópumóti, Noðurlandamóti og Norðurlandamóti unglunga. Keppendur okkar í landsliðsverkefnum voru: Hildur Maja Guðmundsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Raket Sara Pétursdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.

Sá sögulegi árangur náðist að kvennaliðið okkar sem skipað var Hildi Maju, Lilju Katrínu og Thelmu urðu norðurlandameistarar í liðakeppninni, Thelma varð einnig norðurlandameistari á gólfi og Hildur Maja varð norðurlandameistari í fjölþraut, slá og stökki. Í unglungaflokki þar sem Kristjana Ósk og Raket Sara voru meðal keppenda enduðu í 2.sæti í liðakeppni. Fjöldi annarra

verðlauna unnust á mótinu og má sjá nánari úrslit í úrslitakaflanum í þessari skýrslu. Thelma náði líka þeim frábæra árangri á Norður- Evrópumóti að verða Norður Evrópumeistari á tvíslá.

Æfingabúðir

Portúgal - Porto - Sunlive

Áhaldadeild kvenna fór í æfingabúðir til Portúgal í lok júní 2024. Æfingabúðirnar voru vikulangar í bæ sem heitir Sangalhos um 100 km frá Portó. Í ferðina fóru iðkendur í 3. þrepi og upp úr. Við fórum með bæði stelpur og stráka og í heildina voru um 70 manns frá Gerplu. Frábær staður, flott æfingaaðstaða og góður matur. Allir virkilega ánægðir með æfingafærðina. Það komu þreytt fimleikabörn heim eftir langt tímabil og var alveg frábært að enda það með hörkuæfingum í heila viku.

Keppnisferðir

Malarcupen - Stokkhólmur Svíþjóð

Farið var í keppnisferð til Svíþjóðar í byrjun Nóvember 2023. Malarcupen mótið er mjög flott mót sem hefur verið haldið í 40 ár. Í ár var mótið virkilega stórt þar sem keppt var í 3 hlutum á laugardeginum, mótið hófst klukkan 07:00 um morguninn og endaði 21:00 um kvöldið. Gerpla átti langflesta karlakeppendur mótsins eða 16 talsins og vorum við með 3 lið. Kvenna megin vorum við með 2 lið. Keppt er eftir frjálsum æfingum og í aldursflokkum. Í kvennakeppninni áttum við glæsilega fulltrúa sem stóðu sig virkilega vel, sumar að keppa á sínu fyrsta móti erlendis en aðrar með örlítið meiri reynslu í pokahorninu. Eftirfarandi stúlkur kepptu á mótinu. Aníta Eik Davíðsdóttir, Berglind Edda Birkisdóttir, Elfa María Reynisdóttir, Hekla Hákonardóttir, Isabella Maack Róbertsdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir.

Auður Ólafsdóttir, deildarstjóri áhaldafimleika kvenna





Í áhaldadeild voru 8 hópar 2023-2024

6.þrep

5.þrep

3.-4.þrep

Hraðferð 1,2 og 3

Meistaraflokkur Yngri og eldri

Áhaldadeild Karla gengur vel og er mikill stöðugleiki í þjálfarateyminu sem þýðir markvissari þjálfun hópanna í deildinni. Það voru 10 aðalþjálfarar í deildinni á síðasta tímabili. Aðalverkefni voru þátttaka á mótum á vegum Fimleikasambands Íslands eins og haustmót, þrepamót 1,2 og 3 sem og vinamót á Íslandi og erlendis.

Eftir gott undirbúningstímabil átti Valgarð okkar gott world cup mót í Ungverjalandi og komst í úrslit á gólfi eftir frábæra frammistöðu. Næst á eftir World cup var heimsmeistaramót í Belgíu þar sem Valgarð var löngu búinn að tryggja sér inn þátttökurétt með góðri frammistöðu á EM en á síðustu stundu var Dagur Kári Ólafsson kallaður inná HM sem fyrsti varamaður. Gerpla átti því tvo keppendur á HM. Því miður meiddist Dagur í aðdraganda mótsins og gat því aðeins keppt á bogahesti. Valgarð átti hinsvegar mjög fínt mót og var ekki langt frá því að öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikunum. Á haustmóti FSÍ stóðu strákarnir okkar sig mjög vel og unnu öll gullverðlaun í 1. 2. og 3.þrepi sem og í frjálsum drengja og karlaflokki. Í byrjun nóvember tókum við þátt á hinu fræga Malarcup í Svíþjóð og var þetta afmælistmót hjá þeim og voru því mjög margir keppendur. Við komumst í fullt af úrslitum og vann Valgarð gull á stökki og brons á svifrú, Kári Pálmason vann gull á svifrú og silfur á stökki. Kári Hjaltason vann silfur á stökki og Botond Kovats vann gull á svifrú. Norður Evrópumót var á sínum stað og tilkynnti Róbert landsliðsþjálfari liðið en voru þeir allir úr Gerplu. Arnþór Daði, Atli Snær, Ágúst Ingi, Dagur Kári, Martin Bjarni og Valgarð. Valgarð vann silfur á tvíslá og Dagur Kári brons.

Í lok árs var Valgarð svo tilnefndur sem fimleikamaður ársins hjá Fimleikasambandinu. Í janúar var svo uppskeruhátíð Gerplu þar sem Valgarð vann afreksbikarinn og Dagur Kári vann hvatnigarbikarinn. Axel Ólafur Þórhannesson var valinn þjálfari ársins í áhaldadeild karla.

Strákunum okkar gekk vel á fyrsta þrepamóti ársins í 1.-3.þrepi þar sem þeir unnu mörg verðlaun og á þrepamóti 2 í 4. og 5.þrepi náðu fimm strákar þrepinu og fóru upp í það næsta. Á bikarmótinu í febrúar sem haldið var í Fjölni sigraði Gerpla 1 og Gerpla 2 varð í þriðja sæti en það lið var skipaði yngri og efnilegum iðkendum. Í byrjun mars héldum við Iceland Classic og var

Það fyrsta mótið okkar sem við buðum erlendum keppendum að taka þátt. Það tókst vel til og setti keppnina á annað level. Um miðjan mars var Íslandsmót í áhaldafimleikum þar sem Valgarð varði titilinn sinn, Martin Bjarni varð í 2.sæti og Dagur Kári í því þriðja. Í unglingsflokki var Kári Pálmason að taka þátt í fyrsta skipti og varð í 3.sæti. Tadas Eidukonis varð Íslandsmeistari í 2.þrepi og Ragnar Örn Ingimarssonin varð Íslandsmeistari í 1.þrepi.

Í byrjun apríl áttu bæði unglings- og fullorðinsliðið okkar sögulegt Norðurlandamót en bæði lið lönduðu 3.sæti í liðakeppninni í fyrsta skipti. Allt liðið í fullorðinsflokki var skipað keppendum frá Gerplu en það voru þeir Atli Snær, Ágúst Ingi, Dagur Kári, Martin Bjarni og Valgarð. Í unglingsliðinu var Kári Pálmason fulltrúi Gerplu. Valgarð vann gull á gólfi brons á stökki og tvíslá og silfur á svífrá. Martin Bjarni vann silfur á stökki. Sömu einstaklingar kepptu svo á EM í apríl og stóðu sig vel.

Vorsýningin er mætt aftur og var mikil gleði hjá okkar fólki fyrir fullum sal á fimm sýningum. Meistaraflokkur yngri og Hraðferð 1 fóru í æfingabúðir til Portúgals sem tókust mjög vel þar sem var æft og skemmt sér allt í bland. Í heildina var þetta frábært ár með fullt af áföngum sem ýta okkur enn lengra og erum við spenntir fyrir nýju tímabili 2024-2025.

Alek Mohammad Ramezanpour, deildarstjóri Áhaldafimleika Karla

HÓPFIMLEIKAR KVENNA

Hópfimleikar yngri (5.flokkur og 4.flokkur)

5.flokkur kvk hefur aldrei verið eins stór hjá okkur og þetta ár ení hópnum voru 53 stelpur. Við skiptum hópnum upp í fjögur lið og kepptu þær á þremur mótum yfir tímabilið. Það voru Aðventumót Ármanns, Gk mót í hópfimleikum og Vormót í hópfimleikum. Ekki er keppt til verðlauna í 5.flokki en fengu þær þátttökuverðun fyrir sín mót. Það var mikil áskorun að halda utan um allan þennan fjölda en þjálfararnir gerðu það mjög vel.



Í 4.flokki kvenna voru 51 stelpa skráð hjá okkur. Við skiptum hópnum upp í tvö mengi og innan hvors mengis voru tvö lið. Þessi lið kepptu svo á þremur mótum yfir veturinn. Haustmóti, GK

móti í hópfimleikum og Vormóti í hópfimleikum. Lið 1 var í A deild , lið 2 var í B deild og lið 3 og 4 voru í C deild. Það voru ýmsar áskoranir í þessum flokki og gengu hlutirnir ekki alveg nóg vel upp eins og við vorum að vona. Það var ýmislegt sem við lærðum af vetrinum sem mun nýtast okkur á komandi ári.

Áskoranir og tækifæri

Við erum í lúxusstöðu í þessum flokkum, Við erum með toppaðstöðu, við erum með mjög mikinn fjölda iðkenda og eru ótal tækifæri tengd þessu. Það eru samt einnig áskoranir því þegar við stækkum megum við ekki týna gildunum og gæðunum sem við þurfum að hafa til að halda starfinu góðu. Við verðum að virða stöðuna sem við erum í og ekki taka henni sem sjálfsgöðum hlut. Við verðum að vera dugleg að hugsa vel um hvern og einn iðkanda alveg sama í hvaða liði hann er og alveg sama hversu langt í sínum fimleikum hann er kominn. Ef við gleymum okkur eitt augnablik þá fylgir það gat okkur lengi. Við þurfum að vera dugleg að ala upp þjálfara og einnig að reyna að finna gamla iðkendur og þjálfara til að koma inn til okkar. Það eru áskoranir sem felast í því að fá inn nýja þjálfara og það er vinna að búa til góða þjálfara eins og það er vinna að búa til góða iðkendur. Góðir þjálfarar / iðkendur eru ekki bara þeir sem fara lengst heldur þurfum við að finna þjálfara sem vilja og hafa metnað fyrir því að þjálfra þá sem eru byrjendur eða styttra komnir. Ef við hugsum vel um þjálfarana okkar og gefum yngri þjálfurnum gott aðhald og aðstoð þá verðum við í góðum málum en eins og í flokkunum þá megum við ekki gleyma okkur og alltaf að hugsa vel um þjálfarana því þetta er það sem gerir okkur af því sem við erum.

Hópfimleikadeild eldri

3.flokkur, 2.flokkur, 1.flokkur og meistaraflokkur)

Æfingaferðir


3.flokkur og 2.flokkur fóru saman í æfingaferð til Svendborgar í Danmörku í júní 2023. Hópurinn var í eina viku við æfingar þar. Mikið var brallað, bæði æfingar, markmiðasetningar, hugarþjálfun, ferðir í gorillapark og heimsókn í fimleikaskóla Ollerup. Í ferðinni voru 56 iðkendur og 9 þjálfarar. 1.flokkur fór ekki í æfingaferð þetta sumarið vegna þess að þau voru að stefna á að komast á Norðurlandamót unglinga sem haldið var í apríl 2024. Meistaraflokkur fór í æfingaferð til Lingvallen í Svíþjóð. Hópurinn var þar í eina viku. Hópurinn æfði mjög vel og var ferðin hluti af undirbúning hópsins fyrir Norðurlandamót sem fram fór á Íslandi í nóvember 2023. Í 3.flokki kvenna voru 35 stelpur. Þeim var skipt upp í tvo hópa, lið eitt og tvö æfðu saman og lið þrjú æfði sér. Liðin kepptu á öllum mótum vetrarins. Lið eitt vann öll mót vetrarins og lið tvö var í harðri baráttu um þriðja sætið á öllum mótunum. Lið þrjú var í B deild og voru þær í 2.sæti á öllum mótunum í sinni deild. Það er mjög gaman að fylgjast með þessum sterka og

stóra hópi sem á eftir að vera áberandi hjá okkur á næstu árum en þarna er á ferðinni mjög öflugur hópur. 2.flokkur kvenna saman stóð af 22 stelpum. Lið eitt vann haustmót, bikarmót og íslandsmót. Lið tvö keppti sem stökkfimi á fyrstu tveimur mótunum en keppti svo í hópfirmleikum í íslandsmótinu. Þessi hópur bætti sig mjög mikið á tímabilinu og stóðu sig virkilega vel. Í 1.flokki vorum við með tvö lið, kvennalið og mixlið sem var samsett af stúlkum og drengjum. Aðalatriðið hjá þessum hóp var að koma liðinum á Norurlandamót unglunga sem haldið var í Svíþjóð. Liðin kepptu á Bikarmótinu í hópfirmleikum og urðu bæði liðin í 2.sæti á því móti og komust með þeim árangri inn á Norðurlandamót unglunga sem haldið var í Lund í Svíþjóð í Apríl. Mixliðið endaði í 6.sæti á því móti og stóð sig vel og fékk góða reynslu inn í næstu verkefni. Kvennaliðið náði öðru sætinu á mótinu sem er virkilega frábær árangur og sá besti um árabíl hjá unglungi Gerplu. Þær stóðu sig mjög vel á öllum áhöldum og uppskáru silfrið og voru efsta kvennaliðið frá Íslandi. Meistaraflokkur kvenna nýtti haustið vel til undirbúnings fyrir Norðurlandamóti sem haldið var í Laugardalshöllinni. Þær tefldu fram tveimur liðum á mótarið eitt og urðu liðin þar í 1.og 2.sæti á því móti. Gerpla átti eitt lið í kvennaflokki á NM 2023 sem haldið var á Íslandi og endaði liðið í 5.sæti á mótinu og urðu efstar af íslensku liðinum. Eftir áramót var bikarmótið og keppti þar lið eitt og urðu þær í 2.sæti og lið tvö keppti í Stökkfimi og unnu það mót. Á Íslandsmótinu sem haldið var í lok maí þá varð silfrið aftur niðurstaðan.

Markiðin okkar næstu árin eru skýr

- 1) Vera dugleg að hugsa um hvern og einn iðkenda
- 2) Bæta starfið okkar , þjálfu upp fleiri þjálfara og bæta utanumhald
- 3) Gefa öllum tækfæri til að sýna sínar bestu hliðar , iðkendur og þjálfarar

Kristinn Þór Guðlaugsson, deildarstjóri hópfirmleikadeildar kvenna



Keppnistímabilið 2023-2024 vorum við með þrjú lið. Eitt lið í KKy, eitt lið í KKe og eitt lið í stökkfimi yngri. Í deildinni störfuðu fimm aðalþjálfarar og 2 aðstoðarþjálfarar og var iðkendafjöldi um 30 drengir.

Í ár buðum við upp á tvær tímasetningar á æfingatímum. Í öðrum hópnum voru drengir fæddir 2013-2015 sem æfðu í tvo tíma í senn þrisvar sinnum í viku. Hinn hópurinn æfði í tvo og hálfan tíma þrisvar sinnum í viku, þar voru drengir fæddir 2009-2013. Báðir hópar voru með tvær stökkæfingar í Vatnsenda og eina dansæfingu í Versölum. Við höfum verið að leggja mikla vinnu í að bæta gólfæfingar hjá drengjaflokkunum okkar seinustu tvö ár og hefur það breytt miklu að hafa eina dansæfingu hjá þeim í viku. Gerðar voru breytingar á æfingaskipulagi KKe eftir áramót. Þá voru æfingar styttrar í tvo tíma og bætt við laugardagsæfingu sem þeir nýttu í að einbeita sér að því að gera ný stökk. KKe liðið okkar tók þátt á fimm mótum á vegum fimleikasambandsins og voru úrslit eftirfarandi.

Haustmót: 32,460 stig, 2.sæti

GK mót: 33,225 stig, 3. sæti

Bikarmót: 34,260 stig, 3.sæti

Vormót: 34.900, 3.sæti

Íslandsmót: 38.450, 2.sæti - 1.sæti á dýnu og trampólíni

Strákarnir í KKe hafa bætt sig mikið á tímabilinu eins og sést á stigunum, þeir hafa hækkað sig eftir hvert mót og eru 6 stig á milli fyrsta mótsins og því síðasts. KKy liðin okkar tóku þátt á þremur mótum á vegum fimleikasambandsins og voru úrslit eftirfarandi.



Haustmót

Gerpla 1: 31,295 stig, 3.sæti

Gerpla 2: 15,495 stig, 6.sæti

GK mót

Gerpla - Hópfimleikar: 32,565 stig, 3. sæti

Gerpla – Stökkfimi: 28,910 stig, 5.sæti

Vormót

Gerpla - Hópfimleikar 35,800 stig, 2. sæti

Gerpla - Stökkfimi 28,800 stig, 4.sæti

Ljóst er að það eru spennandi tímar framundan en næsta tímabil munum við vera með 2 lið í KKe flokki, 1 í KKy flokki og eitt lið í 5. flokki KK. Með framhald af áherslum þessa tímabils er ljóst að framtíðin er björt.

Rebekka Rut Stefánsdóttir, deildarstjóri hóp fimleikadeildar karla

FIMLEIKADEILD KARLA OG KVENNA

Í fimleikadeild æfa drengir og stúlkur á aldrinum fimm til sjö ára. Deildinni er aldursskipt í hópa og iðkendur sem eru á síðasta ári í leiksskóla eru í grunnhópum 1x í viku og fimleikaæfingar fara fram á laugardögum og eru í fimleikasal okkar í Versölum. Þegar iðkendur í fimleikadeild byrja í 1. bekk eru þeir í grunnhóp 2x í viku og fimleikaæfingar fara þá fram á virkum dögum og æfingin er 1 klst í senn. Framhaldshópar eru iðkendur í 2. bekk og æfa fimleika einnig 2x í viku en fimleikaæfingin er 1,5 klst í senn.

Það er í boði að velja á milli grunn- og framhaldshópa sem æfa í fimleikasal okkar Versölum eða fimleikasal okkar í Vatnsenda. Í fimleikadeild kvenna eru 17 hópar, fjórir grunnhópar 1x í viku, sjö grunnhópar 2x í viku og sex framhaldshópar. Í fimleikadeildinni eru 7 aðalþjálfarar og 22 aðstoðarþjálfarar. Undir fimleikadeild karla eru 11 hópar þar af eru fjórir grunnhópar 1x í viku, þrjú grunnhópar 2x í viku og þrjú framhaldshópar. Í deildinni störfuðu fimm aðalþjálfarar og þrettán aðstoðarþjálfarar.

Stærsti viðburður fyrir iðkendur okkar í grunn- og framhaldshópum er Garpamót Gerplu. Við höldum Garpamót á haustönn í lok nóvember og á vorönninni í apríl. Á Garpamótinu sýna iðkendur fimleikaæfingar sem þeir hafa æft á önninni, meginmarkmið mótsins er að gefa iðkendum okkar tækifæri að láta ljós sitt skína og fyrir þjálfara og deildastjóra að sjá hversu vel hefur verið staðið að þjálfun. Á vorönninni taka iðkendur einnig þátt á Vorsýningu Gerplu sem haldin er í júní.

Eitt mikilvægasta verkefni grunn- og framhaldsdeildar er að skapa áhugahvöt á fimleikum. Fimleikaæfingar þurfa að vera krefjandi en jafnframt skemmtilegar svo áhugi skapist á greininni. Markmið deildarinnar eru skýr.

- Skapa áhugahvöt. Það á að vera gaman að æfa fimleika
- Kenna góðan grunn og mynda þannig hæfni til að takast á við flóknari æfingar
- Iðkendur læri góða hegðun. Beri virðingu fyrir þjálfurum og samnemendum. Læri einnig umferðarreglur salarins
- Iðkendur skili sér upp í keppnisdeildir / almenna deild

Sif Pálsdóttir og Rebekka Rut Stefánsdóttir, deildarstjórar fimleikadeildar karla og kvenna

Haustönn 2023 í Almennri deild fór af stað með krafti í ágúst. Við byrjuðum önnina með 30 hópa. Þjálfarar í almennri deild voru í heildina 15 talsins, auk 24 aðstoðarþjálfara, en flest eru þau í hlutastarfi. Í fyrra spratt upp sú hugmynd að byrja með opna tíma í fimleikasalnum fyrir iðkendur sem hafa ekki fengið pláss á leikskóla og sá hópur var nefndur ungar. Ungarnir hafa bara dafnað síðan við opnuðum hann, það komu alltaf um 30 til 50 manns hvern fimmtudag frá 11:30 til 13:00. Þangað koma iðkendur með forráðamönnum sínum í opið hús, en það er frjáls leikur í salnum með yfirsýn starfsmanns. Hugmyndin er að halda aðgangseyri í algjöru lágmarki og kostar 500kr inn fyrir hvert barn. Ljóst er að forráðamenn og börn njóta þess að koma í öruggt umhverfi og prufa sig áfram í hreyfingum, hvort sem þau eru að læra að skríða, taka fyrstu skrefin eða byrjuð að hoppa. Börnin fá að klifra í áhöldunum og njóta gæðastunda með sínum forráðamönnum. Forráðamenn eru líka mjög ánægð að komast í nýtt umhverfi og að hitta aðra fullorðna sem eru í svipaðri stöðu og þau sjálf.



Í almennri deild eru þrjú hópar sem keppa á fimleikamóti á vegum FSÍ. Á Íslandsleikum í Special Olympics, kepptu þrjú hópar frá okkur, grunnhópur yngri, grunnhópur eldri og hópurinn Special Ol. Iðkendurnir stóðu sig með glæsibrag og urðu þau Elva Björg og Magnús Orri, Íslandsmeistarar. Þessir hópar stefna á að bæta við sig á næsta tímabili og keppa þá á þremur mótum yfir keppnistímabilið.

Í parkourdeildinni var parkourjóladjammið okkar á sínum stað í lok haustannar og tókst vel til. Þar fengum við iðkendur úr öðrum félögum inn í fimleikasalinn okkar og iðkendur gátu sýnt og æft sýnar parkour æfingar, í gegnum leik og í öruggu umhverfi. Það hefur fjölgað í stelpurhópum í parkour hægt og rólega yfir önnina. Þessi hópur er kominn til að vera og stefnum á að bæta í og vera með tvo stelpuhópa, næsta haust.

Kríla- og bangsahópar eru alltaf á sínum stað hjá okkur og þangað mættu samtals 413 iðkendur, á sunnudagsmorgnum. Bangsaefingar fara fram bæði í Versölum og Vatnsenda. Í þessa hópa erum við með gríðarlega langa biðlista en mannekla og tími í fimleikasal hindrar það að við getum tekið við fleirum iðkendum á þessum aldri. Ljóst er að hér eru tækifæri til að ná til fleiri iðkanda og við reynum að bæta í, næsta haust.

Fullorðinsfimeikarnir eru stundaðir í þremur hópum: GGG, Kempur og Parkour. Með þessum hópum erum við að ná til flestra sem hafa áhuga á að koma og leggja stund á heilbrigða líkamsrækt með áhugamálið sitt í forgrunni

Sömu áskoranir eru og undanfarin ár í almennu deildinni. Þessi deild er til staðar fyrir iðkendur sem vilja ekki hefðbundna keppnishópa og því þarf sífellt að leita leiða til að halda iðkendum áhugasömum með annarskonar viðburðum. Mikil áhersla er lögð á að halda iðkendum í íþróttinni og við reynum að lágmarka brottfall. Þjálfarar í þessari deild eru okkur gríðarlega mikilvægir en það eru færri þjálfarar sem brenna fyrir hópum í þessari deild, í samanburði við keppnisdeildirnar. Við metum þá þjálfara sem hjá okkur starfa, gríðarlega mikils og við erum alltaf með opin augu fyrir áhugasömum þjálfurum til að bæta í okkar metnaðarfulla hóp. Ljóst er að með fleiri þjálfurum, gætum við tekið við fleiri iðkendum og þetta er vinna sem er í gangi allan ársins hring í almennu deildinni.

Núna í lok annar eru 644 iðkendur almennrar deildar á leið í sumarfrí og almenna deildin fer á fullt að halda 16 sumarnámskeið í sumar. Það hefur gengið vel í vetur að bæta í viðburði og skemmtileg hópefli fyrir hópana. Við kveðjum líðandi fimleikaár í deildinni, stolt af okkar vinnu og uppfull af hugmyndum til að gera enn betur á næsta tímabili. Við hlökkum til að sjá alla okkar iðkendur aftur næsta haust og óskum ykkur gleðilegs sumars.

Andrea Hansen, deildarstjóri almennrar deildar



MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR

Gerpluiðkendur voru áberandi í íslensku og erlendu fimleikalífi. Hér á eftir verða úrslit vetrarins upptalin.

KEPPNISHÓPAR GERPLU
FYRIR TÍMABILID 2023-2024

7

ÍSLANDSMEISTARATIÐLAR

23

EYKENDIR LEBNASHÓPIN

48

NM Í NEM. TÍTLAR

7

ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS

HAUSTMÓT FRJÁLSAR, 1.-3.PREP

Keppt var í fjölþraut á þessu móti ásamt einstökum áhöldum. Gerpla var sigursæl á mótinu líkt og síðastliðin ár. Gerpla vann til alls til 62 gullverðlauna, 30 silfurverðlauna og 23 bronsverðlauna.

Haustmót	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar	KVK	Fjölþraut	Hildur Maja Guðmundsdóttir	1. sæti
Frjálsar	KVK	Stökk	Hildur Maja Guðmundsdóttir	1. sæti
Frjálsar	KVK	Tvíslá	Hildur Maja Guðmundsdóttir	1. sæti
Frjálsar	KVK	Jafnvægisslá	Hildur Maja Guðmundsdóttir	1. sæti
Frjálsar	KVK	Gólf	Hildur Maja Guðmundsdóttir	1. sæti
Frjálsar	KK	Fjölþraut	Atli Snær Valgeirsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Fjölþraut	Ágúst Ingi Davíðsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Fjölþraut	Martin Bjarni Guðmundsson	3. sæti
Frjálsar	KK	Gólf	Martin Bjarni Guðmundsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Gólf	Sigurður Ari Stefánsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Gólf	Ágúst Ingi Davíðsson	3. sæti
Frjálsar	KK	Bogahestur	Arnþór Daði Jónasson	1. sæti
Frjálsar	KK	Bogahestur	Atli Snær Valgeirsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Bogahestur	Ágúst Ingi Davíðsson	3. sæti

Frjálsar	KK	Hringir	Ágúst Ingi Davíðsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Hringir	Martin Bjarni Guðmundsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Hringir	Atli Snær Valgeirsson	3. sæti
Frjálsar	KK	Stökk	Atli Snær Valgeirsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Stökk	Ágúst Ingi Davíðsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Tvíslá	Ágúst Ingi Davíðsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Tvíslá	Martin Bjarni Guðmundsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Tvíslá	Sigurður Ari Stefánsson	3. sæti
Frjálsar	KK	Svifrá	Martin Bjarni Guðmundsson	1. sæti
Frjálsar	KK	Svifrá	Ágúst Ingi Davíðsson	2. sæti
Frjálsar	KK	Svifrá	Atli Snær Valgeirsson	3. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Fjölþraut	Lilja Katrín Gunnarsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Fjölþraut	Kristjana Ósk Ólafsdóttir	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Stökk	Lilja Katrín Gunnarsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Stökk	Kristjana Ósk Ólafsdóttir	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Tvíslá	Lilja Katrín Gunnarsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Tvíslá	Kristjana Ósk Ólafsdóttir	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Lilja Katrín Gunnarsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Kristjana Ósk Ólafsdóttir	2. sæti

Unglingaflokkur	KVK	Gólf	Kristjana Ósk Ólafsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Gólf	Lilja Katrín Gunnarsdóttir	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Gólf	Berglind Edda Birkisdóttir	3. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Fjölþraut	Rakel Sara Pétursdóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Stökk	Rakel Sara Pétursdóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Tvíslá	Rakel Sara Pétursdóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Rakel Sara Pétursdóttir	3. sæti
